

Fundargerð 299.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 20. ágúst 2025 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Ólafur R. Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes.

Síðustu daga hafa starfsmenn frá Ljóra ehf unnið við fornleifavinnslu á Dysnesi samkvæmt kröfum Minjastofnunar. Stefnt er að því að þessum hluta verði lokið á næstu tveimur vikum.

Í sumar hafa farið fram ítarlegar rannsóknir á ýmsum þáttum er viðkoma lokaskýrslu um umhverfismat hafnarframkvæmda á Dysnesi og er von á síðustu niðurstöðum í lok þessa mánaðar. Stefnt er að því að skýrslan verði tilbúin til umfjöllunar og yfirferðar í lok september n.k.

2. Torfunefsbyggja.

Húsheild Hyrna hefur þegar hafið vinnu við þjónustuhús hafnarinnar á Torfunefsbyggju. Áætlað er að vinnu við húsið verði lokið á vordögum 2026.

Þriðjudaginn 19. ágúst kl. 11.00 voru opnuð tilboð í byggingarétt lóðanna Torfunef 2 og 3 í samræmi við úthlutunar- og útboðsskilmála frá 19. maí s.l. Eitt tilboð barst í byggingaréttinn en það var frá Hvalstöðinni ehf. Tilboðið hljóðaði upp á 235 mkr eða 6% hærra en lágmarksboð samkvæmt skilmálum. Hafnarstjóra falið að ganga til samninga við Hvalstöðina ehf á grundvelli deiliskipulagsins.

3. Strandsiglingar.

Stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá ákvörðun forsvarsmanna Eimskips að leggja af strandsiglingar til hafna á Norðurlandi og Vestfjörðum í kjölfar stöðvunar á starfsemi kísilverksmiðju PCC á Bakka. Þessi ákvörðun mun þýða töluvert tekjutap fyrir hafnasamlagið, dregur úr samkeppni auk þess að leiða af sér aukið álag og slit á þjóðvegakerfinu. Jafnframt mun slyshætta með mikilli fjölgun flutningabíla á vegakerfinu aukast umtalsvert. Einnig er ljóst að strandsiglingar hafi mun minni neikvæð umhverfisáhrif heldur en umferð flutningabíla.



Það er mikið hagsmunamál fyrir íbúa á landsbyggðinni auk fyrirtækja að flutningskostnaður sé eins hagkvæmur og kostur er og er það mat stjórnar Hafnasamlagsins að strandflutningar séu liður í því.

Því hvetur stjórn Hafnasamlags Norðurlands innviðaráðherra til að leita allra leiða til að strandflutningar leggist ekki af heldur verði auknir eins og kostur er.

4. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun HN 2026.

Umræður fóru fram um áætlanir næsta árs og hafnarstóra falið að vinna þær í anda umræðunnar á fundinum.

5. Önnur mál.

- a. Lagt fram og samþykkt fundaplan frá áramótum og til vors.
 - i. 11. febrúar fundur 304
 - ii. 11. mars fundur 305
 - iii. 8. apríl fundur 306
 - iv. 6. maí aðalfundur HN
 - v. 13. maí fundur 307

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.00